

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. ágúst 2023  
Málsnúmer: 202307-0015  
SS

## Efni: Umsögn um framkvæmd sjóvarnar og færslu hringveggar við Jökulsárlón.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun gegnum Skipulagsgátt, dags. 10. Júlí 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynnta framkvæmd Vegagerðarinnar á sjövnörnum og færslu hringveggarins við Jökulsárlón.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerð með tilkynningunni og metur sem svo að framkvæmdin sé þess eðlis að ekki er þörf á mati á umhverfisáhrifum auk þess sem nú þegar er verið að leggja ítarlegt mat á ýmis umhverfisáhrif í undirbúningi framkvæmdarinnar eins og greint er vel frá í greinargerðinni. Um nauðsynlega breytingu á legu hringveggarins er að ræða til að tryggja samgöngur og öryggi þeirra og ekki er um langan vegkafla að ræða. Greinargerðin er ítarleg, framkvæmdalýsing skýr og fjallað um helstu umhverfisþætti sem verða fyrir áhrifum. Ýmsar athuganir m.a. á fuglalífi og gróðurfari verða framkvæmdar og fjallað er gaumgæfilega um að mótvægisáðgerðir verði skoðaðar eins og við á.

Það svæði sem verður fyrir raski vegna veglagningarinnar er lítt gróið en mikilvægt fuglasvæði og því mögulegt að áhrif á fuglalíf geti orðið neikvæð. Önnur umhverfisáhrif eru metin lítil. Þá er ekki líklegt að bygging 250 metra langs sjóvarnargarðs muni hafa mikil neikvæð umhverfisáhrif í för með sér þó vissulega verði rask á fjörunni á þessum kafla. Fjallað er ítarlega um efnisþörf og eins og fram kemur hefur sérstaklega verið lagt mat á matsskyldu fyrir efnistöku úr Breiðárnámu.

Framkvæmdin á sér stað innan marka Vatnajökulspjóðgarðs og því mikilvægt að tryggja að henni fylgi ekki neitt óþarfa rask á landslagi, jarðminjum eða gróðurþekju og að hugað sé að því að trufla fuglalíf og annað lífríki sem minnst á framkvæmdatíma. Svæðið er sömuleiðis á gildandi náttúruminjasrá, svæði nr. 635.

Vistgerðir á svæðinu ekki metnar með hátt verndargildi. Jákvætt er að samt sé stefnt að því að endurheimta staðargróður á framkvæmdasvæðinu þar sem það á við, til að draga úr m.a. ásynðaráhrifum. Eins og fram kemur í greinargerðinni hefur Náttúrufræðistofnun þegar veitt nánari upplýsingar um gróðurfar svæðisins til Vegagerðarinnar og telur votlendi með hátt verndargildi ekki vera á svæðinu þótt fjarkönnunargögn hafi gefið það til kynna en þeim fylgir alltaf ákveðin skekkja. Stefnt er að því að athuga útbreiðslu dvergtungljurtar sem er á valista og brugðist við eins og mögulegt er ef hún finnst á framkvæmdasvæðinu.

Fjaran þar sem sjóvarnargarður verður byggður er flokkuð í vistgerðina „brimasamar sandfjörur“ sem hefur lágt verndargildi og þar sem lífríki er metið fáskrúðlegt.

Nú þegar hefur verið ákveðið að gera könnun á fuglalífi framkvæmdasvæðisins og mun Náttúrustofa Suðausturlands framkvæma þær. Áhersla er lögð á að kortleggja varp helsingja og



skúms. Notast verður við þær niðurstöður til að meta hvort þörf sé á færslu vegarins ef mögulegt er og aðrar mótvægisáðgerðir metnar eins og við á.

Varðandi jarðmyndanir er ágætlega greint frá áhrifum á þær í greinargerðinni en við má bæta að ummerki um fyrri farvegi Jökulsár á Breiðamerkursandi má finna á framkvæmdasvæðinu m.a. svokölluð jakahvörf (kettle holes) sem ætti að hlífa við raski eins og hægt er. Líklega eru þau flest staðsett utan þess svæðis sem verður raskað en það mætti skoða betur. Nánari upplýsingar um þetta má finna í eftirfarandi heimild: *Snævarr Guðmundsson og Helgi Björnsson 2020: Um farvegi Jökulsár á Breiðamerkursandi á síðustu öldum. Jökull no. 70, 119-128.*

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir en er tilbúin að veita meiri ráðgjöf t.d. um mótvægisáðgerðir ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

